

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júní 1964. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

Við undirrituð, Guðmundur Einarsson, sóknarprestur, f. h. barnaheimilisnefndar Þjóðkirkjunnar á Íslandi og Sesselja H. Sigmundsdóttir, forstöðukona barnaheimilisins „Sólheimar“ í Hverakoti, gerum svofellda skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

1. gr.

Barnaheimilið er sjálfseignarstofnun. Eignir stofnunarinnar eru jörðin Hverakot ásamt húsum öllum og mannvirkjum, búpeningi, innanstokksmunum, annari búslóð, bókum og öðru því, er stofnun þessari tilheyrir. En á eignunum hvíla þær skuldir, sem stofnað hefur verið til vegna heimilisins.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er sá og skal ætíð vera sá að veita vangefnum vist og umönnun, svo sem fræðslu og verkþjálfun við þeirra hæfi og aðra þá þjónustu, sem unnt er að láta þeim í té á hæli stofnunarinnar.

3. gr.

Lausafé stofnunarinnar má ekki selja né láta af hendi nema andvirðinu sé varið til eflingar henni og samþykki barnaheimilisnefndar komi til. Eigi má heldur binda eignir hennar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi séu tilgangi stofnunarinnar.

4. gr.

Meðan Sesselja H. Sigmundsdóttir heldur heilsu og kröftum hefur hún á hendi alla stjórn stofnunarinnar bæði inn á við og út á við með takmörkunum þeim, er segir í 3. og 5. gr.

5. gr.

Barnaheimilisnefnd Þjóðkirkjunnar, eða önnur nefnd í hennar stað, kosin á prestastefnu af prestum landsins, hefur rétt til að ráða því, hvernig því fé skuli varið, er hún leggur til stofnunarinnar eða útvegar henni fyrir milligöngu sína. Þess vegna má ekki heldur veðsetja jörð og hús fyrir nýjum lánum til eflingar stofnuninni nema samþykkt nefndarinnar komi til.

6. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar gerir árlega reikning yfir rekstur hennar og efnaðag og leggur hann ásamt fylgiskjölum fyrir barnaheimilisnefnd Þjóðkirkjunnar til athugunar og úrskurðar. Reikningar stofnunarinnar skulu birtir hvert ár.

7. gr.

Sesselja H. Sigmundsdóttir hefir rétt til að ráða vali eftirmanns síns, er hún lætur af stjórn stofnunarinnar, en barnaheimilisnefnd Þjóðkirkjunnar eða önnur nefnd í hennar stað (sbr. 5. gr.) fær honum skipunarbréf og erindisbréf. Síðan ræður stjórnarnefnd stofnunarinnar (sbr. 8. gr.) jafnan forstöðumannsvali, en að öðru jöfnu

skulu þeir ganga fyrir til þeirrar stöðu, sem alizt hafa upp á stofnuninni og því næst þeir, sem komnir eru af foreldrum Sesselju, þeim Sigmundi Sveinssyni og Kristínu Simonardóttur.

3. gr.

Þegar Sesselja H. Sigmundsdóttir lætur af forstöðu stofnunarinnar, tekur barnaheimilisnefndin stjórn stofnunarinnar í sínar hendur og kýs eða lætur kjósa þriggja manna stjórn fyrir stofnunina þannig: Sjálf kýs nefndin — eða prestastefna Íslands, ef engin slík nefnd er til — tvo menn í stjórnina og einn til vara, en fær barnaverndarráð Íslands til að kjósa einn mann og einn varamann, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn, en endurkjósa má þá, ef þeir vilja taka starfið að sér. Stjórn þessi hefur öll yfirráð yfir stofnuninni, að því leyti, sem hún kýs ekki að fela þau forstöðumanni stofnunarinnar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir stofnunina í samráði við forstöðumann hennar. Skulu þær, eftir því sem við á, vera sniðnar eftir reglum þeim, sem Sesselja Sigmundsdóttir kann að hafa sett heimilinu eftir sinn dag.

9. gr.

Stofnunin og jörðin, sem heimilið stendur á, skal framvegis heita „Sólheimar“, þegar fengin er til þess heimild hjá Stjórnarráði Íslands.

10. gr.

Verði stofnunin lögð niður skal eignum hennar varið í þágu vangefinna.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt, að Sesselja Sigmundsdóttir og meiri hluti barnaheimilisnefndarinnar verði ásátt um það. En eftir það, er Sesselja hefur látið af forstöðu, þá þarf til breytinga afl atkvæða stjórnarnefndar stofnunarinnar og samþykki prestastefnu. Eigi má breyta 2. gr. og 10. gr. skipulagsskrárinnar, nema samþykki Félagsmálaráðuneytisins komi til.

12. gr.

Leita skal staðestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Guðmundur Einarsson.

Sesselja H. Sigmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 30 4. apríl 1962, um Landsbanka Íslands.

1. gr.

Aftan við 62. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Kvittanir undirritaðar af gjaldkera einum eru fullgildar, ef fjárhæðin er stimpluð á þær í þar til gerðri gjaldkeravél.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. júní 1964.

Gylfi P. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.